

Svar skóla- og frístundasviðs dags. 3. september 2021 við fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um lausar kennslustofur við Laugalækjarskóla.

Loforð var ekki afturkallað að koma niður færanlegri stofu við Laugalækjarskóla heldur tekur það lengri tíma að gera þær tilbúnar en gert var ráð fyrir. Verða settar niður í október ef allt gengur eftir. Einnig er ekki einungis verið að koma fyrir einni stofu heldur er verið að koma þremur færanlegum stofum á lóð Laugalækjarskóla, ein fyrir almenna kennslu skólans, ein vegna skólahljómsveitar og ein fyrir félagsmiðstöðina Hof. Stofurnar verða samtengdar með einum stærri tengigangi sem nýtist sem kaffi/sérkennslu aðstaða en einnig er gert ráð fyrir að mikil samnýting verði milli stofanna og þá sérstaklega milli skólans og Hofs.